

REGLUR
um gæðaráð Háskólans á Akureyri.

1. gr.

Hlutverk og verkefni gæðaráðs

Gæðaráð er fastanefnd háskólaráðs og starfar samkvæmt 8. gr. Reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009. Gæðaráð ber ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans. Rektor ber endanlega ábyrgð á gæðakerfi háskólans en dagleg umsjón með rekstri þess er í höndum gæðastjóra sem jafnframt er í forsvari.¹ Rektor gefur út starfslýsingu fyrir gæðastjóra

1) Breytt með ákvörðun háskólaráðs 17. sept. 2015

2. gr.

Skipan gæðaráðs

[Í gæðaráði sitja gæðastjóri í forsæti, fulltrúar fræðasviða, tveir fulltrúar háskólaskrifstofu auk tveggja fulltrúa nemenda sem Stúdentafélag Háskólans á Akureyri tilnefnir.]¹ Einnig skal tilnefna varafulltrúa nemenda og starfsmanna og sitja tilnefndir fulltrúar í tvö ár í gæðaráðinu.

Gæðaráð skiptir með sér verkum og skipar sér ritara.²

1) Breytt með ákvörðun háskólaráðs 25. júní 2020.

2) Breytt með ákvörðun háskólaráðs 15. okt. 2015.

3. gr.

Starfshættir og viðfangsefni gæðaráðs

Gæðaráðið skal kallað saman að jafnaði einu sinni í mánuði. Viðfangsefni gæðaráðs eru:

- a) að tryggja að háskólinn standist ávallt þær ytri kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans.
- b) að vekja áhuga á gæðamálum innan háskólans.
- c) að vera vettvangur umfjöllunar og ákvarðanatöku um gæðamál háskólans.
- d) að stuðla að umbótum og þróun á kennslu og námsmati innan háskólans.
- e) að samþykkja, hafa eftirlit með og tryggja reglulega endurskoðun á námsbrautum og prófgráðum.
- f) að vaka yfir gæðum rannsókna innan háskólans og starfa með vísindaráði hans að því að móta viðmið og kvarða sem notaðir eru til að meta vísindalega starfsemi við Háskólann á Akureyri.
- g) að safna saman, meta og bregðast við þeim upplýsingum um starfsemi háskólans sem lúta að gæðum.
- h) að taka afstöðu til mikilvægra breytinga á starfsemi háskólans sem kunna að hafa áhrif á gæði í starfsemi hans.
- i) að fjalla um undirbúning og framkvæmd sjálfsmats og ytra mats á háskólanum og tryggja eftirfylgni.

4. gr.

Almenn ákvæði

Reglur þessar eru settar af háskólaráði samkvæmt 8. gr. Reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009 og öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 9. mars 2011

Breytt með ákvörðun háskólaráðs 17. sept. 2015

Breytt með ákvörðun háskólaráðs 15. okt. 2015.

Breytt með ákvörðun háskólaráðs 25. júní 2020.